

Samfélagsmiðlar

Snapchat¹



Snapchat er snjallsímaforrit fyrir iOS og Android sem hefur notið gífurlega vinsælda. Forritið gerir notendum kleift að senda myndir á móttakanda sem hefur 1–10 sekúndur (fer eftir vali sendanda) til að skoða myndina. Síðan er myndin horfin að eilífu. Ef myndband er sent þá er einungis hægt að horfa á það einu sinni, en síðan hlýtur það sömu örlög og sendar myndir.

Snapchat er forrit sem gerir notendum kleift að deila myndum og myndböndum með öðrum notendum í stuttan tíma. Myndunum eða myndböndunum er eytt eftir u.þ.b. 10 sekúndur.

Instagram²



Instagram er þjónusta sem gerir notandanum kleift að deila myndum og stuttum myndskaiðum sínum á vefinn. Það er oftast notað í snjallsímum eða í spjaldtölvum. Instagram býður upp á þann möguleika að setja „filter“ á myndina og hefur sá valmöguleiki verið vinsæll hjá börnum og unglíngum og átt stóran þátt í vinsældum þjónustunnar.

Helstu hætturnar við mynddeiliforrit er sú að sendandi setji inn myndir sem hann sér eftir síðar meir.

Myllumerki³



Myllumerki/kassamerki (e. Hashtag) er merki eða „tagg“ sem er notað á samfélagsmiðlum og örbloggum sem auðveldar notendum að finna færslur um tiltekið þema eða umræðuefni. Notendur búa til og nota myllumerkið með því að setja myllutáknið # á undan orði eða setningu án orðabíla, annaðhvort í miðri annarri setningu eða í lok hennar. Ef leitað er að því myllumerki, birtast allar færslur sem eru merktar því merki.

Myllumerkið er mjög oft notað í umræðum um samfélagsleg mál.

- Twitter
- Instagram
- Google+
- Facebook

¹ Snapchat var upphaflega skólaverkefni sem stofnendur þess unnu þegar þeir voru nemendur við Stanford háskólann. Það var fyrst gefið út í apríl árið 2011 undir nafninu Picaboo. Seinna var því breytt í Snapchat.

² Instagram kom á markað árið 2010 og er með yfir 200 milljónir notendur. Fyrirtæki nýta sér Instagram í auknum mæli til að ná til viðskiptavina sinna og kynna fyrir þeim vörur og þjónustu.

³ Dæmi um samfélagsmiðla þar sem myllumerkið (#) er mikið notað eru t.d. Twitter og Instagram.